



13. stjórnarfundur LH

23. nóvember 2019 kl. 15:00 Hótel Hvolsvelli

Mætt: Lárus Ástmar Hannesson formaður, Sóley Margeirsdóttir varaformaður, Ólafur Þórisson gjaldkeri, Oddrún Ýr Sigurðardóttir ritari, Stefán Logi Haraldsson, Eggert Hjartarson og Ágúst Hafsteinsson úr aðalstjórn. Siguroddur Pétursson, Rósa Birna Þorvaldsdóttir og Ómar Ingi Ómarsson úr varastjórn.

Fjarverandi: Lilja Björk Reynisdóttir og Þórdís Arnardóttir úr varastjórn.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

1. Formaður setti fund og stýrir fundi.

2. Samþykktir fundargerða

Fundargerð 12. fundar samþykkt.

3. Hestavísir – erindi frá Telmu L. Tómasson

Hestavísir eru sjónvarpsþættir sem Telma hefur í hyggju að gera og verða til sýningar á visir.is og Stöð 2 Maraþon. Þættirnir verða 10 talsins, um 10 mín. hver og umfjöllunarefnið verður lífstíll, mannlíf, einstakir hestar og annað áhugavert efni, þekkt fólk og minna þekkt, tíska, innlit í flott hesthús, heimili og annað. Telma biður um fjárhagslegan styrk frá Horses of Iceland og jákvæð viðbrögð LH.

Afgreiðsla: LH mun ekki veita verkefninu fjárhagslegan styrk en fulltrúi LH í verkefnastjórn HOI mun taka þátt í efnislegri umræðu um Hestavísi þar.

4. LH-Kappi – bréf frá Anitar

Anitar er tölvufyrirtæki sem skrifaði appið LH-Kappa fyrir LH. Samstarfi Anitar og LH er lokið og finna þarf nýjan samstarfsaðila til að taka við LH-Kappa.

Afgreiðsla: Vísað til tölvunefndar og henni falið að koma með tillögu um framhaldið með LH-Kappa.

5. Umsókn um að halda Íslandsmót barna og unglinga 2020 og Íslandsmót fullorðinna 2021

Á formannafundi LH 1. nóvember sl. sótti Hestamannafélagið Sleipnir um að halda Íslandsmót barna og unglinga 2020 og níu hestamannafélög á Norðurlandi sóttu um að halda Íslandsmót fullorðinna og ungmenna 2021 í sameiningu á Hólum.

Afgreiðsla: Stjórn LH samþykkir umsókn Sleipnis um Íslandsmót barna og unglinga 2020. Umsókn norðlensku hestamannafélaganna um Íslandsmót fullorðinna og ungmenna 2021 er samþykkt með fyrirvara um samþykki landsþings LH 2020. Formanni og framkvæmdastjóra falið að leita eftir framkvæmdaraðila fyrir Íslandsmót fullorðinna 2020.

6. Íslandsmót 2019 – punktar af rýnifundi mótshaldara

Mótshaldarar Íslandsmóts 2019 hittust á rýnifundi í september til að fara yfir framgang mótsins. Eftirfarandi punktum er beint til LH:

- Gera skriflegan samning við mótshaldara
- Að mótinu verði lögð til ákveðin upphæð svo hægt sé að hefja undirbúning mótsins
- Að tekinn verði saman ákveðinn „pakki“ með öllum helstu gögnum, lógóum, verkferlum, skyldum og ábyrgð mótshaldara



- Leggja til starfsmann sem leiði mótshaldara af stað til að hefja undirbúning mótsins
- Sjá til þess að kallaðir verði inn farandgripir mótsins, þeir merktir og komið með á mótsstað
- Þegar úrtaka er líka hluti af Íslandsmóti þarf að vera skýrt hvaða auka kvaðir eru á mótshaldara

Afgreiðsla: Vísað til keppnisnefndar til umsagnar.

7. Kostnaður við Sportfeng á Landsmóti 2018 – erindi frá Fáki

LH innheimti gjöld af Hestamannafélaginu Fáki vegna Landsmóts 2018. Fákur fer fram á að skuldajafna kostnaði við Sportfeng á Landsmóti við árgjöld Fáks.

Afgreiðsla: Í samningum um landsmót 2020 og 2022 er gert ráð fyrir að kostnaður sem fellur til vegna Sportfengs falli á mótshaldara, sama gildir um landsmót 2018.

8. Norðurlandamót – sameiginlega ábyrgð allra landa

Sænska sambandið hefur samþykkt að halda Norðurlandamót í Norrköping, en vegna slæmrar fjárhagslegrar stöðu sambandsins fer sambandið fram á að öll aðildarlönd deili fjárhagslegri ábyrgð á mótinu ef rekstrarniðurkoma verði neikvæð. Finnar hafa samþykkt að ábyrgjast 5000 EU sem forgangsábyrgð og farið er fram á að hvert land ábyrgist upphæð sem nemur 1000 EU umfram ábyrgð Finna.

Afgreiðsla: Samþykkt.

9. Tilkynning frá Afrekssjóði ÍSÍ um tilfærslu milli flokka

Á fundi Afrekssjóðs þann 29. október sl. var samþykkt að færa Landssamband hestamannafélaga úr flokki C/þróunarsambanda í flokk B/alþjóðasambanda.

Afgreiðsla: Stjórn LH fagnar niðurstöðunni og þakkar öllum sem lagt hafa hönd á plóg fyrir þeirra framlag ekki síst landsliðsnefnd.

10. Afreksstefna LH 2020 - 2024 - drög

Drög að afreksstefnu LH 2020-2024 voru til ítarlegrar umfjöllunar á vinnuhelgi stjórnar 23. nóvember. Drögin eru lögð fyrir stjórn til samþykktar.

Afgreiðsla: Samþykkt.

11. Hestavegabréf

Skipulagsbreytingar verða hjá BÍ um áramót. M.a. stendur til að færa útgáfu hestavegabréfa frá BÍ. Viðrað hefur verið við LH um að LH taki við þessu verkefni en hjá BÍ hefur verið starfsmaður í 70% starfshlutfalli að sinna útgáfu hestavegabréfa. Ef LH tekur við þessu verkefni þarf að ráða starfsmann í það.

Afgreiðsla: Stjórn LH tekur jákvætt í þetta og samþykkir að fela framkvæmdastjóra að kanna hvort þetta geti fallið undir verkefni sambandsins.

12. Minnisblað um Skógarhóla – rekstraráætlun 2020 – EH/BK

Lögð var fram tillaga að breyttu rekstrarfyrirkomulagi á Skógarhólum ásamt framkvæmdaáætlun fyrir viðhald á húsnæði.

Afgreiðsla: Stjórn samþykkir tillögu að breyttu rekstrarfyrirkomulagi og samþykkir framkvæmdir á Skógarhólum árið 2020 að fjárhæð 2.000.000 kr.



13. Minnisblað um Tölvumál

Skipulagsbreytingar verða hjá BÍ um áramót, m.a. stendur til að færa tölvudeildina yfir til RML og hugmyndir eru uppi um að úthýsa þjónustu við Sportfeng.

Afgreiðsla: Samningur er í gildi við BÍ og óskar LH eftir því að sömu aðilar haldi utan um Sportfeng eins og hingað til. Vísað til tölvunefndar að koma með tillögu um leiðir til að tryggja hagsmuni LH.

14. Minnisblað um Valnefnd

Lagt var fram minnisblað um valnefnd, reglugerð og verklag við tilnefningar til verðlauna.

Afgreiðsla: SM og ÓP falið að leggja tillögu að endurbættri greinargerð Valnefndar fyrir stjórnarfund í desember. Skrifstofu falið að kanna hvernig önnur lönd meta árangur erlendra ríkisborgara og að kanna hvernig staðið er að vali á íþróttamönnum ársins hjá öðrum sérsamböndum.

15. Minnisblað um endurskoðun laga og reglna LH frá laganefnd

Lagt var fram minnisblað um endurskoðun laga og reglna LH frá laganefnd.

Afgreiðsla: Samþykkt að hefja vinnu við endurskoðun laga og reglna LH eftir forskrift laganefndar. Skrifstofu falið að vinna málið áfram í samvinnu við laganefnd.

16. Önnur mál

a. U21-landsliðsþjálfari

SLH greindi frá því að á fundi landsliðsnefndar kom fram að núverandi landsliðsþjálfari U21-árs landsliðshóps LH hefur óskað að láta af starfi landsliðsþjálfara um áramót og finna þarf nýjan þjálfara fyrir hópinn. Landsliðsnefnd hefur hug á að ráða fráfaramandi landsliðsþjálfara U-21 sem aðstoðarlandsliðsþjálfara A-landsliðs.

Afgreiðsla: Landsliðsnefnd falið að stilla upp landsliðsþjálfarateymi í samræmi við afreksstefnu LH. Við ráðningu verði gætt að kynjajafnrétti.

b. Bókhald LH

Bókari LH hefur óskað eftir að láta af störfum fyrir LH um áramót. Lagt er til að bókhald verði í verkahring skrifstofu og verklagið verði þannig að gjaldkeri samþykkir reikninga, framkvæmdastjóri sér um bókhald og gjaldkeri greiðir.

Afgreiðsla: Samþykkt.

c. Nefndakvöld LH

Lagt er til að nefndakvöld verði haldið 10. janúar 2020.

Afgreiðsla: Samþykkt.

*Fundi slitið um kl. 16.10
Hótel Hvolsvelli 23. nóvember 2019.*